



Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar
mánudaginn 9. maí 2016 kl. 15.00.

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu, Maríutröð 5a.

Mætt eru Áslaug Berta Guttormsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1605017 – Málefni Barmahlíðar.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir skýrslu með stjórninni. Vel hefur tekist til við nýtingu rýma og ágætlega hefur gengið að manna sumarið. Fyrirkomulag greiðslna hefur breyst, nú sjá Sjúkratryggingar um greiðslur í stað Tryggingastofnunar. Dvalarheimilinu hafa hlotnast gjafir, Kvenfélagið gaf stofnuninni rúm, Vínafélagið gaf þrjá leðurstóla, fjóra setustóla og stóran spegil.

Stjórnin þakkar hjúkrunarforstjóra yfirferðina og vill koma á framfæri kærum þökkum til þeirra félaga sem fært hafa heimilinu góðar gjafir.

2. 1605015 – Tillögur að göngustígum og umhverfisbótum við dvalarheimilið Barmahlíð.

Hugmyndum var safnað frá íbúum og starfsfólki dvalarheimilisins á fundum í vetur, auk þess sem litið var til eldri hugmynda/ skipulaga sem gerð hafa verið í gegnum tíðina.

Stjórnin fór yfir tillögurnar, stjórnin leggur til að byggður verði sólskáli í stað gróðurhúss, það mætti færa í frekara skjól nær SV-horni, hugsanlega hafa heitan pott inni í sólskála og gera ráð fyrir góðu plássi. Teikna mætti sorpskýli við starfsmanna-inngang og áætla rúm fyrir 5 sorptunnur. Stjórnin mælir með að nánasta umhverfi dvalarheimilisins og göngustígarnir verði forgangsatriði. Einnig telur nefndin það forgangsverkefni sbr. fjárhagsáætlun að reist verði reykskýli áfast dvalarheimilinu að norðanverðu. Hjúkrunarforstjóri mælir með að reykskýli verði hannað þannig að fyrst verði gengið inni forrými og þaðan áfram innum aðrar dyr inni reykaðstöðuna. Úr forrými verði jafnframt útgangur. Jafnframt er mælt með að veggurinn sem snýr í austur verði heill. Hugað verði að loftræstingu/gluggum. Nokkur umræða skapaðist um runna með göngustígnum við Hellisbraut.

Önnur má (ef einhver), löglega upp borin:

3. Áslaug nefnir við Helgu að koma upp lista, þar sem starfsmenn geta skráð smáhluti sem vantar.
4. Hjúkrunarforstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem eru í gangi innanhúss í Barmahlíð, lokið er við tvö herbergi og byrjaðar eru endurbætur við stóra

baðherbergið. Hjúkrunarstjóri telur mikilvægt að þeim framkvæmdum verði flýtt eins og hægt er.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.20.
